

ins og hefði auk þess hagsmuna að gæta samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnda.

Arfleiðsluskrá Sophy Bjarnarson geymir ákvæði um það, að hluti húseignanna skuli renna í sjóð, en úr þeim sjóði skuli árlega úthlutað $\frac{1}{4}$ af tekjum hans til afkomenda tengdaforeldra arfláta, þeirra Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar og Karen Emilie Bjarnarson. Fénu skyldi verja til uppeldis og menntunar afkomendanna, svo og til styrktar þeim og mökum þeirra, er sjúkdóm bæri að höndum, enda væri þeim þörf þess.

Stefndi Brynjúlfur er dóttursonur nefndra tengdaforeldra arfláta. Þegar virt er sú staðreynd svo og önnur þau atriði, er greinir hér að framan um afstöðu hans til máls þessa, þykir rétt, með vísan til ákvæða 127. gr. laga nr. 85 frá 1936, að synja stefnda Brynjúlfi um heimild til að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurðinn. Dráttur á uppsögu hans stafar af veikindaforföllum dómara frá því í lok fyrra mánaðar þar til í gær.

Því úrskurðast:

Stefnda, Brynjúlfi Magnússyni, er ekki heimilt að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar og vætti í máli þessu.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 32/1955. **Sigurður A. Jónsson**

gegn

Kristjáni Eiríkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara **Hæstaréttar.**

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. janúar 1955, sem barst Hæstarétti 10. febrúar s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. janúar 1955 í máli varnaraðilja gegn honum, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í málinu en hann hafði þegar fengið.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari synjaði honum um.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Varnaraðili hefur eigi sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu, og verður kærumálskostnaður því eigi dæmdur.

Auðsýnt er, að kæra í máli þessu er gerð í því einu skyni að tefja málið og draga á langinn. Er kæran því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936. Verður því samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 og lögum nr. 14/1948 að dæma sóknaraðilja, Sigurð A. Jónsson, til að greiða 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektar, ef hún greiðist eigi á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurður A. Jónsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektar, ef hún greiðist eigi á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Kristján Eiríksson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1954, gegn Sigurði A. Jónssyni, Hörpugötu 1, hér í bænum, til greiðslu tveggja víxla, hvors að fjárhæð kr. 3000.00, útgefinna 2. júní 1954 af stefnanda og samþykktra af stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum, hér í bæ, 28. október 1954 og 28. nóvember 1954.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxlanna, samtals kr. 6000.00, með 7% ársvöxtum frá gjaldögum þeirra til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ % víxilfjárhæðanna í þóknun, kr. 14.40 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 11. desember s.l., og fékk stefndi þá frest til 11. þ. m. til að rita greinargerð. Á bæjarþinginu þann dag óskaði

hann enn eftir viku fresti til að rita greinargerð. Stefnandi neitaði öllum frekari fresti í þessu skyni. Var atriðið þá tekið til úrskurðar.

Þar sem fallast má á, að stefndi hafi þegar fengið nægan frest til þess að tjá sig um kröfur stefnanda, verður að synja honum um frekari frest til að rita greinargerð.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 33/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

Þorbirni Hjálmssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. f. m. hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Kjötbúð Vesturbæjar, en með úrskurði þessum var stefndu í héraði synjað um frest í málinu.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í máli þessu, en ætla verður, að sóknaraðili kæri úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari synjaði um.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, þar sem hans hefur ekki verið krafizt.

Ljóst er, að kæra þessi er gerð í því einu skyni að tefja bæjarþingsmálið að óþörfu, og er hún því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 verður sóknaraðilja, Guðmundi H. Þórðarsyni, því dæmt að greiða 500 króna sekt